# AUGLÝSING

**um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.**

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag garðyrkjubýlisins Götu.*
Í deiliskipulaginu felst að markaðir eru byggingarreitir fyrir gróðurhús og starfsmannahús. Gróðurhúsið má vera allt að 3.000 $m^2$ að stærð og starfsmannahúsið má vera allt að 120 $m^2$. Hámarksmænishæð húsanna er 6,5 m. Fyrir er á jörðinni 2.300 $m^2$ gróðurhús.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. desember 2012.
Samsvarandi breyting á deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn 7. október 2010 og birtist auglýsing um gildistöku hennar í B-deild Stjórnartíðinda nr. 58 27. janúar 2011. Sú breyting er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrír mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 30. maí 2013.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013